

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 10. janúar 2014 í máli nr. E-3055/2012:

A

(Þorsteinn Pétursson hdl.)

gegn

íslenska ríkinu

(Óskar Thorarensen hrl.)

Mál þetta var höfðað 19. september 2012 og dómtekið 19. desember 2013. Stefnandi er A ... Stefndi er íslenska ríkið.

Dómkröfur stefnanda í aðalsök eru þær að staðfest verði með dómi að landamerki milli jarðanna C, G-hreppi, landnr. ..., og jarðarinnar D, G-hreppi, landnr. ..., markist af línu sem er dregin frá hnitpunkti 1. X ... Y ..., um hnitpunkt 2. X, um hnitpunkt 3. X ... Y ..., um hnitpunkt 4 . X ... Y ... um hnitpunkt 5. X ... Y ... um hnitpunkt 6. X ... Y ..., um hnitpunkt 7. X ... Y ..., um hnitpunkt 8. X ... Y ..., um hnitpunkt 9. X ... Y ..., um hnitpunkt 10. X ... Y ..., um hnitpunkt 11. X ... Y ..., um hnitpunkt 12. X ... Y ..., um hnitpunkt 13. X ... Y ..., um hnitpunkt 14 . X ... Y ... um hnitpunkt 15. X ... Y ... um hnitpunkt 16. X ... Y ..., um hnitpunkt 17. X ... Y ..., um hnitpunkt 18. X ... Y ..., og þaðan í hnitpunkt 19. X ... Y ..., allt samkvæmt hnitsetningu á myndgrunni Loftmynda ehf. Þá krefst stefnandi málskostnaðar.

Af hálfu stefnda í aðalsök er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst stefndi málskostnaðar.

Með gagnstefnu birtri 18. október 2012 höfðaði stefndi gagnsök á hendur stefnanda í aðalsök. Dómkröfur stefnanda í gagnsök eru þær aðallega að viðurkennt verði með dómi að landamerki jarðanna D og C afmarkist af línu sem liggja á milli eftirtalinna hnitsettra landamerkja frá hnitpunkti nr. 1 í M2 ...,64m ...,77m í hnitpunkt nr. 2 í O, ...,51m ...,98 samkvæmt hnitsettum uppdraetti á myndgrunni Ísnet93. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins.

Stefnda í gagnsök krefst sýknu af öllum kröfum gagnstefnanda auk málskostnaðar.

I.

Málsatvik

Stefnandi í aðalsök og stefnda í gagnsök, hér eftir nefnd stefnandi, er eigandi jarðarinnar C í G-hreppi. Stefndi í aðalsök og stefnandi í gagnsök, hér eftir nefndur stefndi, er eigandi jarðarinnar D í B. Ágreiningur er um legu landamerkja jarðanna frá M (einnig nefnd M1, M2, M3, M4, M5 og M6 í málsskjölum) í O. Aðdraganda málsins má rekja til þess að G-hreppur óskaði eftir því að fá ríkisjörðina D keypta og einnig hluta G-jarðarinnar.

Með bréfi stefnanda til stefnda, dagsett ... 2008, var áréttað að landamerki D og C væru samkvæmt áður nefndum hnitpunktum en meðfylgjandi var uppdráttur þar sem sýnt var hvernig talið væri að N (einnig nefndur, N2 og N1) hafi runnið um aldir áður en farvegi hans var breytt. Landamerkin væru í reynd lína sem dregin væri um hnitpunkta nr. 1 til nr. 19. Í svarbréfum stefnda var þessum sjónarmiðum hafnað og því haldið fram að landamerkjalinan væri sjónlína úr svonefndri M1 sem væri merkt nr. 1-3 í punkt nr. 19 sem heitir O1. Það athugist að stefnandi notar Isnet93 myndgrunn, en nokkur munur er á hnitum eftir því hvor myndgrunnur er notaður.

Landamerkjum D er lýst í sameiginlegu landamerkjabréfi jarðanna G og D sem undirritað var ... 1884 og lesið á manntalsþingi ... 1886. Varðandi það álitaefni sem hér er til meðferðar segir þar m. a.:

... þaðan eftir hæsta fjallinu út fyrir ofan stuðlabrún fyrir botninn á Naustadal og þaðan ofan í svonefndan O, þaðan bein sjónhending ofan miðja M og þaðan beint áfram á sjó út mitt millum Ó (sic, ætti að vera K) og P.

Landamerkjabréf fyrir jörðina C er undirritað ... 1884 og lesið á manntalsþingi ... sama ár. Þar er landamerkjum C m.a. lýst með eftirfarandi hætti:

... þaðan í vestur eftir miðjum J mitt millum ?skers (sic, ætti að vera K) og L og þaðan eftir miðjum álnum útá móts við M og upp eftir N og þaðan ræður bein sjónhending í R í fjallsbrúninni sem upphaflega er nefnd og O1 innan hértaldrá landamerkja lýsi ég hér með C-land að vera...

M er lýst svo í örnefnaskrá fyrir jörðina D sem AE skráði en leiðbeinandi er sagður AF: *Úr V liggur W niður og út undir merkin; þar er M8, líklega fremur M4, vegna lindar sem fellur í sjóinn og heldur þar lengi þýðri vök við landið. Að öðru leyti er ekki minnst á N í örnefnaskránni.*

Um F segir í hinni sömu örnefnaskrá: *Efst í hærri S heitir T. Út yfir hann liggur þjóðvegurinn. Er þá komið í C-landareign.*

Í örnefnaskrá fyrir jörðina C, sem AE skráði eftir leiðbeiningum AL bónda á C, er ekki getið um M eða N. Viðbætur við örnefnaskrána voru skráðar af AD ... 19... eftir heimildarmönnunum AB, AA, A og AC. Þar segir m.a.: *Landamerki voru sett inn á uppkast að korti um leið og þessi viðbótarskrá var tekin saman. Hér skal aðeins tekið fram, að merkjalínan úr U (eða M8) í R er þannig að O er allur í C-landi.*

Meðfylgjandi viðbætinum er kort unnið á Örnefnastofnun með örnefnum ásamt landamerkjalinu jarðanna D og C á hinu umþrætta svæði. Kortið er sagt hreinskrifað eftir uppkasti AD og örnefnaskrár C hafðar til hliðsjónar.

... 1870 er þinglesin lögfesta AG fyrir manntalsþingrétti BA. Þar segir: *Ég undirskrifaður lögfesti hérmeð eignarjörð mína konu minnar og sona, C á E liggjandi í É og BA með meðfylgjandi landamerkjum, að utanverðu milli C og G ráði BD, rétta sjónhending upp í BE og ofan í miðja BC til sjávar og að innanverðu milli C í M yfir innrillækjarkvísl sem rennur eptir henni beina sjónhverfing upp í fjall.*

Þá liggur fyrir í máli þessu greinargerð AH, vatnafræðings hjá BB, um M1 og N, frá árinu 2008. Þar segir: *Lækurinn frá lindinni rennur suður við urðarhólana sem tengjast R og upp að T og í sveig niður með honum. Þar rennur lækurinn eftir sínum gamla farvegi niður að Þjóðvegi. Farvegurinn er grunnur og lítt áberandi eins og títt er um farvegi lindarlækja. Áður en vegurinn var lagður rann lækurinn eftir grunnum en glöggum farvegi niður í mýrlendi þar neðan við sem samkvæmt örnefnaskrá D nefnist V. Þar sveigði hann til suðurs á nokkur hundruð metra kafla uns komið var út á móts við Í að hann sveigði til austur og féll skemmstu leið til strandar...*

Síðar segir: *Vegagerð og framræsla mýrlendis um miðbik 20. aldar breyttu farvegi lækjarins. Við Þjóðveginn hverfur lækurinn úr hinum náttúrulega farvegi og fylgir vegarskurði að ræsi nokkru innar. Þar fer hann undir veginn og fylgir nýlegum farvegi í framræsluskurð nokkru neðan Þjóðvegar og fylgir honum til sjávar.*

Einnig liggja fyrir í máli þessu drög og álitsgerð Z landfræðings frá ... 2011 sem unnin var að beiðni stefnda. Þar er lýst vettvangsgöngu ... 2011. *Byrjað var við vatnsból G og fylgt farvegi sem liggur frá því niður að mýri sem er neðan Þjóðvegar. Þar sem þessi lækur sem við fylgdum kemur niður hliðina er nokkuð stór kvos. Venjulega virðist vera nokkuð jafnt rennsli úr uppsprettunni sem hann á upptök sín í en út frá umhverfinu þarna hlýtur rennslið að aukast til muna við leysingar og í mikilli bleytutíð. Það sést líka þegar komið er niður fyrir veg þar sem hann kom áður niður í mýrina, en þar er nokkurt skarð í barðið sem er ofan við mýrina. Núna er búið að færa rennslið að ofan um 85 metra í suður. Frá þessum stað sem farvegurinn kom áður í mýrina og fram á brún hennar við sjóinn eru 170 metrar og er hæðarmunurinn þar um 15 metrar. Eftarið er frá þessum stað og í suður að M2 er fjarlægðin þar á milli 390 metrar og hæðarmunurinn 3 metrar. Út frá þessu tel ég mjög ólíklegt að lækurinn hafi getað runnið efst í mýrinni alla þessa leið í mjög litlum halla (3 m á 390 m vegalengd) í stað þess að fara niður yfir mýrina þar sem hallinn er mun meiri eða 15 m á 170 m. Enn fremur um landamerkjabréf C: *Misræmi er í bréfinu þar sem segir að R sé upphaflega nefnd**

en það er ekki rétt þar sem hennar er bara getið í lok bréfsins, og síðar: Mín niðurstaða er miðað við skoðun á vettvangi, hæðarmælingum og landamerkjabréfum að líklegasta lega línunnar sé úr (R) M og bein sjónhending upp eftir framhlaupinu og í O.

Þá liggja fyrir í málinu yfirlýsingar þeirra Þ, ... 2011, og AI, ... 2011, til stuðnings sjónarmiðum stefnanda. Einnig umsögn ÞÍ, dags. ... 2008, og yfirlýsing Ö, dags. ... 2012, til stuðnings sjónarmiðum stefnda.

Gengið var á vettvang hinn ... 2013. Þátttakendur í vettvangsgöngu, auk dómara og lögmanna málsaðila, voru Á, sonur stefnanda, og Z landfræðingur.

Við aðalmeðferð komu fyrir dóminn A, Þ, Á, AJ, Ö, AH vatnajarðfræðingur, AÍ og Z landfræðingur.

II.

Málsástæður og lagarök stefnanda í aðalsök og stefnda í gagnsök.

Stefnandi reisir kröfu sína í aðalsök á því að N afmarki land eignarjarðar sinnar, C, að upptökum undan stórum steini í hlíðinni ofan og innan við F og þaðan sjónhendingu í O. Mál þetta snúist um ágreining vegna mismunandi orðalags í landamerkjabréfum jarðanna D, sem lýst sé í landamerkjaskrá G, og C. Ekki sé ágreiningur um staðsetningu landamerkjanna M og O (O1), heldur aðeins um hvernig ákvarða skuli landamerkjalinuna milli þeirra. Farvegur N frá upptökum ofan og innan við F, sem stefnandi segir vera í námunda við vatnsból þorpsins á G, hafi verið þar frá árinu 19... Þaðan hafi farvegur N legið niður hlíðina, síðan til suðurs í áttina að svonefndum Í og þaðan um M og áfram til sjávar. Vegaframkvæmdir og framræsla mýra hafi breytt lækjarfarveginum en miða eigi landamerki við lækinn að upptökum sem hann hafi lýst. Stefnandi hafi hnitsett stein, sem vatn komi undan, ofanvert við vatnsbólið en frá honum ráði landamerkum jarðanna bein sjónhending um miðja R í O. Ágreiningurinn hafi verið skilgreindur á afmarkaðan hátt í bréfi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, ... 2012, en þar segi orðrétt: „Deiluefnið snýst um hvar lækjarfarvegur N1/N2 hafi verið áður en land var ræktað. Landeigendur D leggja áherslu á að vatn leiti að lægsta hæðarpunkti og velji sér stystu leið til sjávar.“

C-bréfið hafi verið gert af AG þáverandi eiganda og ábúanda C að nokkru og landamerkjaskráin samþykkt af Y þáverandi eiganda og umboðsmanni jarðanna G og D. Í landamerkjaskránni segi svo um landamerki C og D: ... *eftir miðjum álnum út á móts við M og upp eftir N og þaðan ræður bein sjónhending í R í fjallsbrúninni sem upphaflega er nefnd og O1.* Þær breytingar á staðháttum sem orðið hafi á mörkum D og C, frá því er merkjunum var lýst og til nútímans, séu að mýrar hafa verið þurrkaðar með framræsluskurdum, tvíbreiður þjóðvegur með bundnu slitlagi verið lagður, mikil mól hafi verið numin og neysluvatn hafi verið tekið úr uppsprettu. Engu að síður megi sjá þegar tiltæk gögn séu skoðuð að vatn renni í aðalatriðum eins um svæðið og það hafi gert. Loftmyndir í góðri upplausn sýni einnig farvegi vatns, bæði gamla og nýja. Greinilega megi sjá að landinu halli í austur fram hjá X og F en um H miðjar taki land að rísa aftur inn á I ofan bæjarins.

Kveður stefnandi vatnsból G-hrepps í hlíðinni fyrir ofan og innan við F vera við upptök N og hafi lækurinn verið stærri áður en til vatnsveitu kom. Ætíð hafi því sprottið vatn úr fjallshlíðinni fyrir ofan F, jafnvel áður en til nokkurrar landröskunar kom, og runnið, eins og það gerir enn í dag, austan við F. Þaðan renni lækurinn suður í átt til sjávar, fram af efri bakkanum og niður á þann neðri, vestur eftir þeim neðri og síðan aftur suður í átt til sjávar, niður eftir hvammi þeim rétt upp af ströndinni sem M1 nefnist. N verði auðveldlega fylgt alla leið, hvaðan sem byrjað er, hvort sem er upp frá ósi hans í flæðarmálinu neðan M1 og upp eftir læknum, eins og AG eigandi C geri í landamerkjabréfi C, eða frá upptökum hans ofan og austan F og niður með honum um flatlendið þar sem áður voru H og fram af bökkunum til sjávar. Eigi að taka sjónhendingar eigenda C og D sem jafngildar, þ.e. þær lýsi sömu línum, þá ætti N samkvæmt Y ekki að skipta máli fyrst hann sleppi honum alveg. Lækurinn ætti þá allur að vera þráðbein lína sem félli í sjónlínu sem hæfist í O og endaði í miðri M1.

Stefnandi byggir á því að miðið *O – miðja M1* sé því í hvoruga áttina nothæft til nákvæmra landamerkja þó svo það hafi um aldir verið notað. Merkjalína svífi í hundruðum metra hæð yfir yfirborði jarðar og merkin á landi séu þar með óskýr. Þar sé því komin gild ástæða til að ætla að eigendur C og D hafi ... 1884 orðið ásáttir um nokkuð aðra og nákvæmari skiptingu en þeir gerðu í febrúar s.á. Þeir hafi þá tekið N inn sem landamerki. AG verði ekki skilinn þannig að sjónhending hans sé í R og síðan sé úr R tekin ný sjónhending í aðra átt, þ.e. í O, heldur hafi hann átt við að sú beina sjónlína í O, þaðan sem hann stóð við upptök N, fari yfir R sem næst miðja.

Um landamerkin gildi svokallað C-bréf sem sé yngra og greinilega leiðrétting á svokölluðu „G-bréfi“ og varði einmitt þennan hluta landamerkjanna. Því eigi að leggja C-bréfið til grundvallar í máli þessu. Lýsingar merkjanna séu gerólíkar og mismunandi dagsetningar sýni að samið hafi verið um merkin upp á nýtt. Aðeins sé minnst á N í C-bréfinu og hann því orðinn að fullgildum landamerkjum jarðanna. N eigi sér ekki upptök í Í, eins og stefndi haldi fram, en komi úr uppsprettu úr fjallshlíðinni sbr. álitgerð AH. Þá byggir stefnandi á hinni fornu reglu í íslenskum rétti að öll vötn skuli renna sem að fornu hafi runnið og lögfest sé í 7. gr. vatnalaga nr. 21/1923. Stefnandi vísar einnig í yfirlýsingu Þ í bréfi ... 2011 en Þ hafi verið kúasmali á D og muni vel hvar lækurinn rann fyrir jarðrask. Þá mótmæli stefnandi því að landamerkin séu úr M1 í O en sú lína sé dregin af Z landfræðingi. Einnig mótmælir hann hugleiðingum Ö og umsögn AÍ en þar sé farið rangt með landamerkjabréf C.

Þá sýni loftmynd bandaríska flotans af svæðinu frá 1946, þ.e. fyrir framræslu og aðeins 62 árum eftir að landamerkjabréf C var samið, að nokkru farveg lækjarins um svæðið og beri myndinni saman við lýsingar staðkunnugra sem muni H fyrir framræslu. Kveði stefnandi greiningu AH merkja að N hafi ekki breytt farvegi sínum, a.m.k ekki um aldir, en landamerkjabréf C sé ekki nema 128 ára gamalt svo öruggt megi telja að hann hafi líka runnið á sömu slóðum 1884 þegar C-bréfið var samið. Upptök N sé að finna í fjallshlíðinni ofan H og því geti þau ekki fallið í eða undir sjónmið G-bréfsins sem er O1-M1. Þá mótmæli stefnandi því sem fram komi í skýrslu Z sem röngu. Lækurinn geti ekki hafa runnið með þeim hætti sem Z lýsir enda engin ummerki um slíkt. Þá mótmælir stefnandi því að girðing sem vísað sé til í gagnstefnu hafi verið til sem landamerki.

Væri C-bréfinu ætlað að lýsa sömu merkjum og G-bréfið geri þá hefði einfaldlega átt að standa í því: út á móts við M1 og þaðan upp í M1 og þaðan sjónhending í O1. Frá M1 sjáist R og O1 hlið við hlið en ekki í beinni línu hvort við annað. Það sé því ekki til neitt sjónmið M1-R-O1. Tilraun gagnaðila til að gera söm þau sjónmið sem komi fyrir í sitt hvoru landamerkjabréfinu gangi ekki upp. Telji stefnda í gagnsök R vera lélegt sjónmið þar sem um víðan hvamm sé að ræða. Þá mótmæli stefnandi því sem haft sé eftir AM, sem alist hafi upp á C 19...-19..., enda ekki í samræmi við skjöl málsins og staðreyndir að öðru leyti.

Um lagarök vísar aðalstefnandi til vatnalaga nr. 23//1923, landamerkjalaga nr. 41/1919, landskiptalaga nr. 46/1941, jarðalaga nr. 65/1976, laga nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna. Þá er vísað til almennra reglna samninga-, kröfu- og eignarréttarins og reglu um túlkun landamerkjabréfa. Þá er vísað til þinglýsingareglna að fornu og nýju.

III.

Málsástæður og lagarök stefnda í aðalsök og stefnanda í gagnsök

Stefndi vísar til umsagnar AÍ dómkröfum sínum til stuðnings sem hafi kannað og lagt mat á hvornig merki jarðarinnar D lægju, m.a. á móti C. Komi þar fram að ... 2007 hafi AÍ farið til fundar við Ö hreppsnefndarmann, Ú. Hafi þeir farið yfir landamerkjabréf G-jarðarinnar og C frá 1884 og borið saman við kort og loftmyndir sem þeir höfðu auk þess sem Ö væri vel staðkunnugur sem heimamaður frá barnæsku. Hafi þeir Ö farið og skoðað landamerki C og D. Til sjávarins hafi allt virst skýrt, örnefnin vel þekkt og merkin eðlileg. Töldu þeir vafalaust að svonefnd „D-lönd“ væru í C-landi þrátt fyrir nafnið. M7 væri vel þekkt en N1 væri varla til sem slíkur í dag en eftir honum hafi verið grafinn affallsskurður vegna framræslu.

Þá segir í umsögninni að neðan þjóðvegur austan N sé nokkurt mýrlendi sem grafnir hafa verið í tveir þurrkskurðir nærri 500 m. að lengd hvor og nefndur affallsskurður taki við mestu af vatninu frá þeim. Þá sé þess getið að við athugun á gömlum jarðabótaúttektum hjá Bændasamtökum Íslands hafi komið í ljós að 19... hafi verið teknir út í D vélgrafnir skurðir 1.608 m. að lengd. Efi AÍ ekki að upptök N1 sé að finna undan malarholtunum þar sem nú sé efnisnáma. Þá hafi AÍ rætt við systkinin AN og AM en þau hafi átt heima á C á unglingsárum þar sem foreldrar þeirra bjuggu.

Þá vísi stefndi til álitsgerðar Z máli sínu til stuðnings og sérstaklega til þeirra sjónarmiða hans sem fram koma í kafla dómsins um málavexti. Sé lýsing í landamerkjabréfi G m.a. sögð styðjast við áreiðardóm AK frá 15... Stefndi hafi lagt fram með gagnstefnu hnitkort Z þar sem notast er við grunn Loftmynda ehf.

Þá vísi stefndi til bréfs Ö sem liggi fyrir í málinu, sem hafi yfirfarið drög Z og ekki gert athugasemdir við þau. Taki Ö eindregið undir þá niðurstöðu að landamerkin séu úr R (M) og bein sjónhending í O eins og skýrt komi fram í þinglýstum landamerkjabréfum C og G (D). Þá hafi faðir hans, Æ, bóndi á C 19...-19..., á G 19...-19... og á Ú 19...-19..., ætíð talað um að landamerkin á milli D og C

væru eins og að framan greindi.

Stefndi telji kröfugerð í aðalsök ranga en þá kröfulínu sem byggt sé á í gagnstefnu rétta. Þá mótmæli hann því sem aðalstefnandi haldi fram að örnefni N1/N2 sé rangnefni og seinni tíma tilbúningur og að N sé réttnefni. Öll örnefni hafi verið notuð í gegnum tíðina. Stefndi mótmæli þeirri málsástæðu stefnanda að C-bréf sé greinileg leiðrétting á Gbréfinu varðandi einmitt þennan hluta landamerkjanna. Hér sé um tvö landamerkjabréf að ræða hvort fyrir sína jörðina. Ekki verði séð að orðalag þeirra skarist, heldur sé skilningur aðalstefnda sá að orðalag beggja landamerkjabréfanna lýsi mörkunum eins og stefndi telji þau rétt.

Stefndi mótmæli staðhæfingu um að eigendurnir hafi hreinlega samið um ný landamerki eftir að Y skrifaði G-bréfið og segir hana úr lausu lofti gripna. Stefndi mótmælir kröfugerð stefnanda og hnitum þeim sem fram koma í dómkröfum og þeim gögnum sem stefnandi hafi lagt fram í málinu sem styðja eigi þau hnit. Að mati stefnda séu kröfur stefnanda órökstuddar að miklu leyti og sé þeim hafnað.

Um lagarök vísar stefndi til meginreglna eignarréttar, reglna samninga- og kröfuréttar, en einnig til þinglýsingarreglna að fornu og nýju. Einnig vísar hann til laga nr. 41/1919 um landamerki og til jarðalaga nr. 81/2004, vatnalaga nr. 15/1923, landskiptalaga nr. 46/1941 og laga nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna.

IV.

Niðurstaða

Í máli þessu er deilt um hluta landamerkja jarðanna C og D. Við vettvangsgöngu dómsins sáust glögglega aðstæður allar, m.a. að vatni, sem kemur úr lind ofan og innan F, ásamt vætlum sem víða sjást í hlíðinni, hefur verið veitt með vegskurði nokkru innar um 85 metra leið í ræsi gegnum þjóðveginn. Við upptök lindarinnar er vatnsból G-hrepps. Í mýrinni neðan vegar hafa verið grafnir tveir skurðir sem nú veita vatni út til M1. S eru stórpýfðar sem bendir til þess að þær hafi verið blautar og illfærar fúamýrar með keldum áður en framræst var með fyrrnefndum skurðum. Samrýmist þetta framburði stefnanda og Á, sonar hennar fyrir dóminum. Ekki sjást á vettvangi glögg merki þess að lækur hafi átt sér skýran og afmarkaðan farveg og runnið í hlykkjum frá þeim stað sem vatn úr hlíðinni rann í mýrina og áfram þaðan efst í mýrinni út á móts við Í. Fyrir dómi var vitninu AH vatnafræðingi sýnd loftmynd frá árinu 1946, sem tekin var áður en skurðirnir voru grafnir. Treysti hann sér ekki til þess að draga línu á loftmyndina sem sýnt gæti farveg lækjarins um mýrina

Stefnandi krefst þess að merki jarðanna verði ákveðin eftir hnitsettum punktum sem Á hefur merkt inn á kort sem er meðal gagna málsins. Byggir stefnandi á því að N eigi upptök sín undan steini sem er ofan við vatnsbólið í hlíðinni sem fyrir er nefnt. Stefndi krefst sýknu í aðalsök og gerir þær dómkröfur í gagnsök að landamerkin verði bein lína úr M í O.

Orðalagi í landamerkjabréfum fyrir jarðirnar C og D ber ekki saman þegar landamerkjum á hinu umdeilda svæði er lýst.

Í landmerkjabréfi jarðarinnar C er merkjum lýst með eftirfarandi hætti:

... og þaðan í vestur eftir miðjum J mitt millum ?skers (sic, ætti að vera K) og L þaðan eftir miðjum álnum útá móts við M og upp eftir N og þaðan ræður bein sjónhending í R í fjallsbrúninni sem upphaflega er nefnd og O1.

Í landamerkjabréfi jarðarinnar G, þar sem landamerkjum jarðarinnar D er lýst segir: *... og þaðan ofan í svonefndan O, þaðan bein sjónhending ofan miðja M og þaðan beint áfram á sjó út mitt millum Ó (sic, ætti að vera K) og P.*

Bréfin eru bæði undirrituð árið ..., G-bréfið hinn 19. febrúar en C-bréfið hinn 10. maí. Af þessu leiðir að rétt þykir að styðjast frekar við landamerkjabréf fyrir jörðina C þar sem það er undirritað tæpum þremur mánuðum síðar en landamerkjabréf G auk þess sem því var þinglýst fyrr en hinu.

Stefnandi reisir kröfugerð sína á því að N eigi sér farveg allt frá M austur eftir mýrinni og upp hliðina að upptökum undir steini ofan við vatnsból sem áður er getið.

Í lögfestu AG frá árinu ... segir svo: *... og að innanverðu milli C í M yfir innrilækjarkvísl sem rennur eptir henni beina sjónhverfing upp í fjall.*

Í örnefnaskrá fyrir jörðina D lýsir AF M með eftirfarandi hætti: *... þar er M, líklega fremur Q, vegna lindar sem fellur í sjóinn og heldur þar lengi þýðri vök við landið.*

Að öðru leyti en hér hefur verið rakið er ... ekki getið í örnefnaskrá jarðanna C og D. Verður að telja eftir lýsingu í lögfestu AG að innri lækjarkvíslin hafi verið ofan M og vísað frá M til fjalls þar sem eru O og R. Fær það stoð í staðháttum á vettvangi.

Hóll nokkur sem F heitir er á hinu umdeilda svæði. F er lýst í örnefnaskrá D ásamt öðrum örnefnum sem tilheyra jörðinni. F er hins vegar ekki getið í örnefnaskrá C. Af því verður ráðið að F hafi verið talinn innan landamerkja jarðarinnar D sem stangast þá á við yfirlýsingu og framburð Þ fyrir dómi um hið gagnstæða, en Þ var á barnsaldri vinnumaður á D og G. Þá liggja fyrir í gögnum málsins viðbætur við örnefnaskrá jarðarinnar C frá árinu 19... þar sem stefnandi ásamt fleiri lýsir merkjum jarðanna með öðrum hætti en fram kemur í kröfugerð hennar í máli þessu. Að mati dómsins verður hvorki ráðið af gögnum málsins né ummerkjum á vettvangi að vatn sem rennur austan F í hliðinni neðan hnitpunkts nr. 18, hafi heitið N eða að N hafi runnið um mýrina, sbr. hnitpunkta nr. 4-6, út til M1, eins og stefnandi heldur fram. Þá verður að hafa til hliðsjónar orðalag í landamerkjabréfi C þar sem sjónhendingu er lýst í R í fjallsbrúninni. Á vettvangi mátti glögglega sjá að austan við O er víður hvammur í hliðinni og klettabelti þar fyrir ofan sem mynda samfellda skál allt upp á fjallsbrún. Það samrýmist því ekki orðalagi landamerkjabréfsins að draga landamerkjalinu í miðjan hvamminn í fjallshliðinni neðan fjallsbrúnar og þaðan í O. Hvammurinn sem er í hliðinni neðan

fjallsbrúnar yfir R verður því ekki notaður einn og sér sem viðmið, gegn skýru orðalagi landamerkjabréfsins. Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið telst stefnandi ekki hafa fært sönnur á að N eigi sér farveg eins og byggt er á frá hnitpunkti nr. 4 til hnitpunkts nr. 18. Ber því að hafna þeirri kröfu hans.

Koma þá til skoðunar dómkröfur stefnda þ.e. stefnanda í gagnsök. Í landamerkjabréfi C er merkjum lýst upp eftir N og þaðan beina sjónhendingu í R í fjallsbrúninni sem áður er nefnd og O1. Landamerkjum jarðarinnar D er hins vegar lýst úr O, þaðan beina sjónhendingu ofan í miðja M. Ekki verður ráðið af orðalagi í landamerkjabréfi jarðarinnar C að misræmis gæti í lýsingu þótt R sé ekki nefnd í upphafi landamerkjálýsingarinnar þegar vísað er til fjallsbrúnar þeirrar sem getið er í upphafi bréfsins. Af því verður aðeins ráðið að sjónhending ráði merkjum upp eftir N og þaðan sjónhending í R í fjallsbrúninni og O. Eins og landslagi háttar og lýst er hér að framan verður landamerkjalinan, sjónhending frá N í O, ekki dregin um R í fjallsbrúninni. Sú málsástæða stefnda að ósamræmis gæti í lýsingu á landamerkjum C þar sem R er ekki upphaflega nefnd í landamerkjabréfinu fær ekki stoð í texta þess. Ötvírætt orðalag landamerkjabréfs C vísar til þess að landamerkjum er lýst frá fjallsbrún í upphafi bréfsins og landamerkjum lokað með því að sjónhending ráði merkjum í fjallsbrúninni, sem upphaflega er nefnd í bréfinu. Er það í samræmi við orðalag í lögfestu AG sem að framan er rakið. Þá verður á það að líta að hvammurinn í R getur varla talist nothæft landamerki þar sem um víðan hvamm er að ræða sem liggur í fjallshlíðinni neðan og innan við O. Er fallist á sjónarmið stefnanda í greinargerð hennar í gagnsök um það efni. Einnig er litið til þess að dómkröfur í aðalsök og gagnsök eru þær sömu þegar merkin eru sett niður á O. Þá skiptir einnig máli fyrir úrlausn málsins að kröfugerð stefnanda í aðalsök takmarkast við hvamminn miðjan í R en landamerkjum jarðarinnar C er lýst í fjallsbrún R sem er þá utan þess svæðis sem stefnandi gerir dómkröfu um. Er þá einnig litið til þess sem áður er lýst að landamerkjabréf G, þar sem landamerkjum jarðarinnar D er lýst, er þinglesið óbreytt tveimur árum síðar en landamerkjabréf C án þess að fram hafi komið athugasemdir frá eiganda jarðarinnar C. Að öllu virtu sem að framan greinir er það niðurstaða dómsins að skýra verði orðalag í landamerkjálýsingum jarðanna C og D til samræmis.

Ágreiningslaust er með aðilum að N skipti landamerkjum frá punkti nr. 1 að punkti nr. 4 samkvæmt hnitsettum uppdrætti sem lagður hefur verið fram af hálfu stefnanda. Hnitpunktar nr. 2 og 3 fylgja hins vegar ekki læknum að öllu leyti. Að mati dómsins þykir glegggra að vísa til N hvað þau mörk varðar. Að því virtu er það niðurstaða dómsins að landamerki jarðanna verði dregin úr punkti nr. 1, upp eftir N í M, þaðan í punkt nr. 4 og þaðan sjónhending í punkt nr. 19, O.

Rétt þykir að málskostnaður á milli aðila falli niður, sbr. 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Sigríður Hjaltsted héraðsdómari kveður upp þennan dóm ásamt meðdómendum Óðni Sigþórssyni og Pálma Ragnari Pálmasyni.

D Ó M S O R Ð:

Landamerki milli jarðanna C og D, G-hreppi eru: Úr hnitpunkti nr. 1 X ... Y ..., þaðan upp eftir N í M, þaðan í hnitpunkt 4 X ... Y ... og þaðan sjónhending í hnitpunkt 19 X ... Y ...

Málskostnaður fellur niður.

Sigríður Hjaltested (sign.)

Óðinn Sigbórsson (sign.)

Pálmi Ragnar Pálmason (sign.)